


# Könnun á sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Fundur með innviðaráðherra 9. desember 2025





# Sveitarfélögin

- Árneshreppur og Kaldrananeshreppur eru sveitarfélög á einu harðbýlasta svæði landsins.
- Samtals búa þar um 175 íbúar auk þess sem margir dvelja á svæðinu hluta úr ári án fastrar búsetu.
- Sjávarútvegur, ferðaþjónusta, landbúnaður og fiskeldi eru undirstaða atvinnulífsins.
- Mikilvægt er að auka fjölbreytni í atvinnulífi til að laða að fleiri íbúa og auka byggðafestu.
- Sameining sveitarfélaganna gæti stuðlað að þessu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.



## Álit íbúa

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður hefur átt samráðsfundi með íbúum beggja sveitarfélaga. Forsendur þess að sameining verði samþykkt eru:

- Tryggja samgöngur innan marka sameinaðs sveitarfélags allan ársins hring.
- Að ekki verði krafist sameiningar við önnur sveitarfélög á meðan unnið er að sameiningu sveitarfélaganna tveggja.
- Að eignarhald og ráðstöfunarréttur íbúa yfir félögum og eignum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir byggðafestu verði tryggð.
- Að ráðist verði í sértækar aðgerðir í atvinnumálum vegna stöðu byggðarinnar



## Samgöngur

- Samgöngur innan sveitarfélaganna eru erfiðar - sérstaklega í Árneshreppi.
- Ástand Strandavegar (nr. 643) er óviðunandi og vetrarþjónusta er veitt á undanþágum sem tilraunaverkefni.
- Lélegar samgöngur draga verulega úr lífsgæðum íbúa og standa framþróun fyrir þrifum, þ.á.m. virkjun í Ófeigsfirði (Hvalárvirkjun).
- Tryggja þarf heildstæðar samgöngur úr Bjarnafirði í Norðurfjörð
- Endurbætur á veginum um Veiðileysuháls verði færðar frammar í samgönguáætlun en gert er ráð fyrir í tillögu til þingsályktunar (2031-2035).
- Tryggja þarf vetrarþjónustu á Strandavegi nr. 643.



## Aðgerðir til að auka byggðafestu

- Samdráttur í úthlutunum aflaheimilda kemur sérstaklega illa við íbúa lítilla sjávarþorpa á borð við Dranganes og getur kippt fótum undan búsetu.
- Tryggja þarf hlut sveitarfélaganna í byggðakerfi í sjávarútvegi og koma til móts við þær skerðingar sem orðið hafa í úthlutun aflaheimilda.
- Tryggja þarf umgjörð um þorskeldi sem er stundað í Steingrímsfirði og festa það í sessi.
- Mikilvægt er að stutt verði við öflun heits vatns til að bæta búsetuskilyrði í helstu íbúðarkjörnum í Árneshreppi.



## Eignarhald og yferráð

- Sveitarfélögin hafa fjárfest í félögum og fasteignum til að halda uppi atvinnustigi og tryggja framboð leiguhúsnæðis á svæðinu.
- Finna þarf leiðir til að tryggja þá hagsmuni sem fjárfestingarnar varða og tryggja áframhaldandi yferráð núverandi íbúa sveitarfélaganna, t.d. með stofnun sjálfseignarstofnana.
  - Útgerðarfélagið Skúli ehf.
  - Hitaveita Drangsness
  - Félagsheimilið í Árnesi
  - Íbúðar- og verslunarhúsnæði í eigu sveitarfélaganna

